

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna verslunar- og þjónustusvæðis við Brúarhlöð.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. ágúst 2024 breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. apríl 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er 4 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP7) með heildarbyggingarmagn allt að 500 m² og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Bílastæði er stækkað og gönguleiðum fjölgað um svæðið. Einnig verður skilgreint nýtt vatnsból (VB33) og vatnsverndarsvæði við Brúarhlöð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. ágúst 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 5. september 2024